



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4	Grunnteikning I GRT 103 Kennsluáætlun vorönn 2011	

Nöfn kennara:	Elías Þorsteinsson.	Sk.stöfun:	ELÍ
----------------------	---------------------	-------------------	-----

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
2	Kynning námsefnis almennt	
2 - 3	Teikniáhöld – Kynningarblöð 1-5. Teikniskrift Kynningarblöð 1-2	
3 - 11	Fallmyndun I – Kynningarblöð 1-24	
12 - 15	Ásmyndun og frihendisteikning I: - Kynningarblöð 1 - 17	
16 - 17	Lokafrágangur teikninga.	
Vika-Mánud.	Námsefni. Verklegur hluti.	Verkefni: 108 blöð

02 – 10.jan	Teikniskrift	1-2-3-4-5
03 – 17.jan	Fallmyndun I	1-2-3-4-5-6-7-8
04 – 24.jan	(Kynning á námsefni jafnóðum og verkefnum vindur fram)	9-10-11-12-13-14-15-16-17-18
05 – 31.jan	Einkunn f. lotu 1 = 23 teikn.	19-20-21-22-23-24-25-26-27-28
06 – 07.feb		29-30-31-32-33-34-35-36-37-38
07 – 14.feb	Einkunn f. lotu 2 = 20 teikn.	39-40-41-42-43-44-45-46-47-48
08 – 21.feb	Uppmæling og teikning á hlut. (nánari fyrirmæli kennara)	49-50-51-52-53-54-55-56-57-58
09 – 28.feb	Einkunn f. lotu 3 = 20 teikn.	59-60-61-62-63-64-65-66-67-68
10 – 07.mar		69-70-71-72-73-74-75-76-80
11 – 14.mar		81-82-83
12 – 21.mar	Ásmyndun og Frihendisteikning I	Einkunn f. lotu 4 = 22 teikn.
13 – 28.mar		10-11-12-13
14 – 04.apr		8-9-10-11-12-13-14-15-16-17
15 – 11.apr		18-19-20-21-22-23
16 – 18.apr	Páskavika	
17 – 25.apr	Lokafrágangur teikninga.	Einkunn f. lotu 5 = 23 teikn.
	Lágmarksteikningaskil eru 97 teikningar	Verkefni eru samt. 108

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	GRUNNTEIKNING I – Útgefandi: 2008 IÐNÚ
Annað (t.d. ítarefni)	Töflubókin. Skrift, línur bls. 67-70. Fallmyndir bls, 70 – 75. Málsetning, teikningagerðir, bls. 77 - 88,. Glærur: uppsetning mynda, teiknireglur, útlit gerð og notkun lína. Töflubókina er hægt að skoða á bókasafni VMA.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Grunnteikning I GRT 103 Kennsluáætlun vorönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4		

Áfangalýsing.

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrsta efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmyndun og fríhendi-teikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Áfangamarkmið.

Að nemandi:

- þekki og þjálfist í upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum
- þjálfist í að hugsa af nákvæmni um og vinna myndrænt með viðfangsefni starfsgreina, s.s. hönnunar og iðngreina
- fái almennan undirbúning fyrir fagbundið teikninám og annað fagnám starfsgreina, s.s. hönnunar og iðngreina
- þjálfist í notkun teikni- og mæliáhalda
- hafi almenna undirstöðuþekkingu og færni í lestri, gerð einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga
- hafi þekkingu og færni í að teikna fríhendis
- hafi þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt
- fái undirbúning undir frekara nám í teiknifræðum

1. Efnisþáttur: Skrift og fallmyndun I, u.þ.b. 79% af umfangi áfangans.


að nemandi:

- geti lesið og skilið hornrétt fallmyndum ásamt sneiðmyndum af einföldum hlutum
- kunni gerð vinnuteikninga með teikniáhöldum af einföldum hlutum með hornréttum fallmyndum og sneiðmyndum ásamt málsetningum í tilteknum mælikvarða, skv. reglum, stöðlum og venjum
- hafi gott vald á skipulagningu vinnublaðs, áritun með teikniskrift og frágangi einfaldra vinnuteikninga skv. reglum, stöðlum og venjum

2. Efnisþáttur: Ásmyndun og fríhendi-teikning I, u.þ.b. 21% af umfangi áfangans.

að nemandi:

- geti teiknað ásmyndir (fram-skámyndir með 0° - 90° - 45° áshalla, ofan-skámyndir með 60° - 90° - 30° áshalla og/eða samkvarða-myndir með 30° - 90° - 30° áshalla) með teikniáhöldum af einföldum hlutum, skv. reglum, stöðlum og venjum, þannig að vinna megi eftir þeim
- geti teiknað ásmyndir (fram-skámyndir, ofan-skámyndir og/eða samkvarða-myndir) fríhendis á auð vinnublaði af einföldum hlutum, skv. reglum stöðlum og venjum, þannig að vinna megi eftir þeim
- hafi gott vald á skipulagningu vinnublaðs, málsetningu, áritun með teikniskrift og frágangi ásmynda, skv. reglum, stöðlum og venjum, þannig að vinna megi eftir þeim.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 4	Grunnteikning I GRT 103 Kennsluáætlun vorönn 2011	

Námsmat:	Lýsing: Próflaus áfangi	Vægi
Frammistaða á önn:	Eftir fjölda unninna verkefna, réttleika og frágangi þeirra.	100 %
Lotur:	Námsefninu er skipt í 5 lotur . Nemendur komi með unnin verkefni til kennara strax að loknu verkefninu (hverri teikningu), og eru lokaskil síðustu verkefna í næst síðasta tíma viðkomandi lotu. Nemandi má ekki safna upp teikningum til að skila kennara til undirskriftar.	
Verkefnaskil:	Samkvæmt kennsluáætlun. Skil lægri en 90% í hverri lotu, = 97 teikn. þýða 4,0 í einkunn eða lægra, sem er fall.	
Kennaraleiðbeiningar:	Kennari fer yfir leiðbeiningablöð og leiðbeinir nemendum í tímum um uppsetningu og frágang teikninga. Það gildir þó ekki um vanskilateikningar. Skilaréttur gildir þó um þær teikningar.	
Vinnuskylda í tímum:	Ætlast er til að nemendur vinni allar teikningar í tímum. Fyrir þá sem einhverra hluta vegna (t.d. vegna veikinda) geta ekki klárað allar teikningar í tímum getur kennari leyft viðkomandi að teikna heima. Í tímum þarf þó að teikna myndir 80 til 83 og allar ásmýndunar og fríhendingsteikningar. Nemandi er skylt að mæta í alla tíma samkvæmt skóladagatali og fellur enginn tími niður. Nemandi skal mæta á réttum tíma í hverja kennslustund og hefja strax vinnu við verkefni.	
Námsmat:	Í næstu viku eftir hverja lotu er gefin einkunn. Hver lota gildir 20% af lokaeinkunn. Hver teikning vegur um 0,9%. Eftir hverja lotu byrja allir nemendur á fyrsta verkefni næstu lotu. Aðeins teikningar sem skilað er innan síðasta skilatíma lotunnar eru metnar til einkunna. 90% skil miðast hinsvegar við samtals skilaðar teikningar í lok annar. 90% mætingarskylda er í áfanganum.	
Verkfæri:	Á bls. 4 í kennsluáætlun eru myndir af þeim verkfærum sem nemandi þarf að koma með í alla tíma, Verkfærin eru eftirfarandi: Hringmáti, sporbaugsmáti, sirkill, línuveiðari, gráðubogi, 2 gerðir teiknihorna, franskar kúrfur og stafahorn . Auk áhalda sem eru sýnd eru á bls. 4 þarf eftirfarandi: 1) Teikniborð A3 . 2) Þrjár stærðir fallblýanta : A) 0.3 eða 0,35 mm. B) 0,5 mm. C) 0,7 mm. Byrja skal með blý af hörkunni HB . 3) Strokleður . 4) Pensill , breidd u.þ.b. 1 cm. 5) Reglustríka bein , lengd u.þ.b. 25 cm. Kennari getur vísað nemanda úr tíma sé nemandinn ekki með tiltæk verkfæri meðferðis.	

Dagsetning: _____

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS	Grunnteikning I GRT 103 Kennsluáætlun vorönn 2011	
Síða 4 af 4		

